



Starfsstaðir geta óskað eftir kynningu á stefnunni. Einnig er hægt að fá bæklinginn sendan með því að senda tölvupóst á netfangið mannrettindi@reykjavik.is eða hringja í síma 411 4153.

Samstarfsteymi um málefni innflytjenda, flóttamanna og hælisleitenda í Reykjavík

Nú í haust tók til starfa sérstakt samstarfsteymi um málefni innflytjenda, flóttamanna og hælisleitenda í Reykjavík. Teymið er samstarfsverkefni mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar, velferðarsviðs og skóla- og fristundasviðs. Starfsmaður mannréttindaskrifstofu heldur utan um vinnu teymisins. Markmið teymisins er að efla bekkingu starfsfólks borgarinnar

á málefnum innflytjenda, flóttamanna og hælisleitenda. Starfsfólk teymisins hefur góða yfirsýn yfir stöðu mála meðal innflytjenda og þekkja vel til stofnana og félagasamtaka sem sinna þeim. Starfsfólk borgarinnar getur leitað til teymisins um mál sem tengjast innflytjendum, flóttamönnum og hælisleitendum. Teymið veitir ráðleggingar og handleiðslu en einnig



geta starfsstaðir óskað eftir
margbreytileikafræðslu. Þeir sem
óska eftir ráðgjöf, leiðbeiningum
eða fræðslu frá samstarfsteym-
inu geta haft samband við Eddu
Ólafsdóttur í síma 411 4156,
netfang:
edda.olafsdottir@reykjavik.is



Frá vinstri: Joanna Marcinkowska, Barbara Jean Kristvinsson, Kriselle Lou Suson Cagatin og Nadía Borisdóttir.

Hvar varstu áður?

Nadía Borisdóttir ráðgjafi skrifar

Mannréttindaskrifstofa veitir innflytjendum sem búa í Reykjavík upplýsingar og ráðgjöf í því skyni að tengja þá við borgarsamfélagið og auðvelda þeim aðgang að þjónustu borgarinnar.

Ráðgjafar eru með aðstöðu á Höfðatorgi, Borgartúni 12-14 en á fimmtudögum frá kl. 14 til 16 er einnig ráðgjafþjónusta í Borgar-bókasafni, Tryggvagötu 14, 2. hæð.

Samkvæmt tölulegum upplýsingum fyrstu sex mánuði ársins 2013 kemur fram að karlar leita sér helst upplýsinga um atvinnumál eða 80% þeirra sem fengu ráðgjöf. Þá leituðu 78% þeirra upplýsinga um réttindi sín á vinnumarkaði. Mun fleiri konur höfðu samband vegna fjölskyldumála eða 89% og þær voru líka í meirihluta þegar kom að fyrirspurnum um húsnæði (67%) og skóla- og frístundamál (67%). Nokkuð jöfn skipting var á milli kynja þegar spurt var um fjárhagsaðstoð og heilbrigðisþjónustu.

Það gengur misvel og mishratt hjá fólki að aðlagast samfélaginu og læra tungumálið en ég tel það vera mjög mikilvægt nema um stutta viðveru á landinu sé að ræða. Það er ekki sjálfgefið að allir innflytjendur átti sig á nýjum reglum, menningu og heildarumhverfi.

Oft fær fólk misvísandi upplýsingar og lendir í kjölfarið í vandræðum, þess vegna skiptir aðgangur að upplýsingum miklu máli. Stundum kemur fólk sem er orðið reitt þar sem illa gengur að finna vinnu, húsnæði og að fá tíma hjá lækni, eða það er búið að biða lengi eftir svari frá stofnunum.

Vanlíðan, þreyta og vonleysi er það sem ég og ráðgjafarnir sjáum hjá þeim sem koma til okkar. Í vinnunni minni legg ég mikla áherslu á það að hvetja fólk til að vera jákvætt, að koma frekar og spyrja en að vera "í fýlu" út í stofnanir sem vilja ekki svara því „vegna þess að ég er útlendingur.“ Við ráðgjafarnir getum aðstoðað

fólk með ýmis mál og samvinna okkar og þjónustuþega er mikilvæg.

Starf okkar felst í því að veita fólki upplýsingar um þjónustu Reykjavíkurborgar og vísa þeim á hvert þeir geti leitað. Einnig veitum við upplýsingar um þjónustu við fjölskyldur, um atvinnumál, dvalarleyfi, ríkisborgararéttindi og réttindi og skyldur í íslensku samfélagi.

Segja má að við ráðgjafar sem sinnum þessum erindum hittum fólk sem er oft „týnt“ í íslenska kerfinu og þarf á aðstoð og ráðum að halda. Síðan ég byrjaði að vinna hjá mannréttindaskrifstofu í þessari ráðgjöf spyr fólk mig oft sem kemur til mín: „Bíddu, en hvar varstu áður?“ „Af hverju varstu ekki hér fyrir 5 árum?“ Það spyr líka „hvar á ég borga fyrir þjónustuna?“. Fólk finnst skrytið að ekki þurfi að borga fyrir slíka þjónustu og að það megi koma og fá ráð og svör við allskyns spurningum og þurfi ekki að borga neitt fyrir.

Um ráðgjöfina:

Ráðgjafarnir sem veita þessa þjónustu eru sjálfir innflytjendur og tala ensku, íslensku, pólsku, filippseysku, litháísku og rússnesku. Boðið er upp á þjónustu túlks ef fyrirspyrjandi talar önnur tungumál. Ráðgjöfin er ókeypis og eru starfsmenn bundnir trúnaði.

Hér má nálgast bækling með nánari upplýsingum um þjónustuna. Einnig er hægt að senda tölvupóst á netfangið: immigrants@reykjavik.is.

Símanúmer ráðgjafana eru:

enska
411 4155

pólska
411 1140

filippseyska
411 4155

litháíska & rússneska
411 4163



Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkur hefur séð um undirbúning fjölmenningsdags borgarinnar undanfarnar ár. Í vor var hátíðin haldin í fimmta sinn og má með sanni segja að hún hafi öðlast stóran sess í hugum borgarbúa enda setur hún skemmtilegan blæ á borgarlífið. Fjölbreytt skemmtidagskrá var í boði að vanda og hófst dagurinn með setningarathöfn við Hallgrímskirkju. Að því loknu fór fjölmenningskrúðgangi af stað áleiðis að Ráðhúsi Reykjavíkur. Fjöldi fólks hefur ár hvert tekið þátt í göngunni og ræður litalegrið ríkjum og klæðast þátttakendur oft fallegum þjóðbúningum hinna ýmsu landa. Í Ráðhúsinu var fjölþjóðlegur mark-

Árlegur fjölmenningsdagur Reykjavíkurborgar




aður í Tjarnarsal þar sem gestir og gangandi gátu kynnt sér menningu ýmissa þjóðlanda og á boðstólum voru þjóðlegir réttir, listmunir og annar varningur.

Í Tjarnarbíói var boðið upp á fjölbreytt skemmtiatriði t.a.m. Lalla töframann, Festejo dans frá Perú, litháíska kórsöng, Capoeira afró, brasilíska bardagalist og Mamandi trommuhóp frá Gíneu. Að lokinni skemmtidagskrá var ljóðaupplestur á ýmsum tungumálum og að því loknu stuttmyndasýning nemenda í Kvímyndaskóla Íslands. Deginum lauk svo með afrískum tónleikum í Hafnarhúsinu þar sem fram kom hljómsveitin The Bangoura Band ásamt listamönnum frá Ghana.

Ert þú með snjalla hugmynd?

Hugmyndasamkeppni

Fjölmenningardagurinn verður haldinn í maí 2014 og mun skrifstofan fara af stað með hugmyndasamkeppni í febrúar. Hægt verður að senda inn hugmynd að veggspjaldi og eru vegleg verðlaun í boði fyrir bestu útfærsluna. Veggspjaldið verður svo notað til kynningar á fjölmenningardegnum. Fylgist með á vefsíðu skrifstofunnar www.reykjavik.is/mannrettindi.



Tilskipanir Evrópusambandsins

Á vegum PROGRESS, atvinnu- og félagsmálaáætlunar Evrópusambandsins, hefur um árábil verið unnið að því markmiði að stuðla að virkri þátttöku fólks á vinnumarkaði óháð þáttum eins og aldris, fötlun, kynhneigð, uppruna, trú eða lífsskoðunum. Tvær tilskipanir Evrópusambandsins þessa efnis nr. 43 og nr. 78 voru samþykktar árið 2000 og hafa öll Norðurlöndin nema Ísland innleitt þessar tilskipanir. Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp til laga um jafna meðferð á vinnumarkaði sem byggir á efni þessara tilskipana auk þess sem lagt er til að skert starfsgeta og

kynvitund teljist með þeim þáttum sem ekki má mismuna vegna. Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar er í sama anda og tilskipanirnar og væntanleg lagasetning en með samþykkt frumvarpsins verður skerpt enn frekar á hlutverki og skyldum atvinnurekanda.

Á mannréttindaskrifstofunni vinnur um þessar mundir Guðbjörg Lilja Hjartardóttir, stjórnmalafraeðingur að gerð handbókar fyrir stjórnendur í takt við áður nefndar tilskipanir og frumvarp um jafna meðferð á vinnumarkaði með mannréttindastefnunna að leiðarljósi.



Á myndinni eru mannréttindafulltrúar á sviðum borgarinnar, ásamt Guðbjörgu Lilju Hjartardóttur (fyrir miðju) og starfsmönnum mannréttindaskrifstofunnar.

Niðurstöður fjölmenningarþings

Fjölmenningarþing var haldið í Borgarleikhúsinu í nóvember 2012. Þingið var á vegum mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar og var tilgangur þess að fá fram skoðanir innflytjenda á þeirri þjónustu sem stendur þeim til boða og leita úrræða til að auðvelda gagnkvæma aðlögun þeirra og íslensks samfélags. Meðal þess sem fram kom var: Þinggestir töldu sig helst þurfa upplýsingar á sínu móðurmáli um margvísleg mál, s.s. varðandi dvalarleyfi, atvinnumöguleika, réttindi, opinberar stofnanir, heilbrigðisþjónustu, menntun, málefni foreldra, tryggingar, húsnæðismál, bankaupplýsingar, skattaskýrslur og starfsemi ýmissa samtaka. Einnig var minnst á nauðsyn þess að vita hvert megi leita eftir upplýsingum og við hvern sig best að tala. Almenn séð töldu flestir að það væri mikilvægt að innflytjendur tækju virkan þátt í stjórnmalalegri umræðu í íslensku samfélagi. „Við getum ekki tekið þátt vegna þess að við erum ekki með í umræðunni og erum ekki tekin alvarlega“, sagði einn þinggesti. Þeir bentu enn fremur á að tungumálaerfiðleikar hindruðu þátttöku þeirra og töldu



að þeir gætu sjálfir staðið sig betur í þeim efnum. Þátttakendur töldu að fjölmiðlar fjölluðu á neikvæðan hátt um innflytjendur og gæti það alið á fjandskap og ótta gagnvart innflytjendum og skapað slæma mynd af þessum þjóðfélagsþópi. Rangar upplýsingar í fréttum leiddu til þess að innflytjendur væru settir undir einn hatt og oft misskildir. Innflytjendur vilja hafa meiri áhrif með því að skrifa greinar í fjölmiðla og óska eftir stuðningi til að koma rödd sinni á framfæri. Það var almenn skoðun meðal innflytjenda að upplýsingar ættu að vera aðgengilegar á ýmsum stöðum, t.d. á vefsíðum og á fésbókinni, í gegnum ráðgjöf og bæklinga. Það þyrfti að koma meira til móts við ólíkar þarfar fólks og því

Samtök um kvennaathvarf hlutu mannréttindaverðlaunin 2013

Mannréttindaverðlaun Reykjavíkurborgar hafa verið veitt árlega frá árinu 2008. Verðlaunin eru veitt þeim einstaklingum, félagsamtökum eða stofnunum sem hafa á eftirtektarverðan hátt staðið vörð um mannréttindi tiltekinna hópa. Markmiðið með mannréttindadeginum er að benda á þau mál sem varða mannréttindi borgarbúa og vekja athygli á mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Í ár voru það Samtök um kvennaathvarf sem hlutu verðlaunin.



Elsa Yeoman forseti borgarstjórnar og Sigbrúður Guðmundsdóttir framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins í Höfða við afhendingu verðlaunanna.

væri nauðsynlegt að þýða upplýsingaefni á hin ýmsu tungumál. Næstum allir umræðuhóparnir á þinginu kvörtuðu undan því að fá oftar en ekki rangar eða misvísandi upplýsingar frá hinum ýmsu stofnunum borgarinnar. Þeir töldu þar af leiðandi mikilvægt að hafa upplýsingasetur fyrir innflytjendur sem myndi þjóna því hlutverki að vera allsherjar upplýsingaveita á ólíkum tungumálum jafnt fyrir innflytjendur sem og stofnanir. Hér fyrir neðan má nálgast skýrsluna í heild sinni á íslensku og ensku:

Hvað segja innflytjendur í Reykjavík?

What do immigrants in Reykjavík say?

Samtök um kvennaathvarf voru stofnuð árið 1982, og hafa því verið starfrækt í rúm 30 ár. Í upphafi voru úrtöluraddir sem sögðu ekki vera þörf á slíkri þjónustu hérlandis en á daginn kom að þörfin var brýn. Á opnunardegi athvarfsins var fyrsta konan mætt og á þeim nærri þrjátíu árum sem liðin eru hafa 3400 konur dvalið þar um lengri eða skemmri tíma, margar með börn sín líka. Enn fleiri konur hafa þegið þjónustu athvarfsins gegnum ráðgjöf og sjálfshjálparhópa en sími athvarfsins er opin allan sólarhringinn árið um kring. Á árinu 2012 dvöldu 200 gestir, konur og börn, hjá samtökunum í allt frá einum degi upp í 213 daga. Athygli vekur hversu mörg börn dvöldu í athvarfinu, en voru 87 og dvöldu þar í 24 daga að meðaltali.

FJÖLMENNINGARRÁÐ REYKJAVÍKURBORGAR



Candace Alison Loque



Harald Schaller




Jessica Abby VanderVeen




Natalia Boyko



Juan Camilo Roman Estrada



Josephine Wanjiru



Aleksandra Chlipala

Núverandi fjölmeningarráð Reykjavíkur er í haust að hefja sitt annað starfsár en fulltrúar eru kosnir til tveggja ára í senn. Ráðið hefur gert framkvæmdaáætlun þar sem fram koma markmið þess. Kosnir voru sjö fulltrúar til setu í ráðinu sem ætlað er að vera ráðgefandi fyrir mannréttindaráð og stofnanir borgarinnar í málefnum innflytjenda. Fulltrúar ráðsins sem kosnir voru í nóvember 2012 tilheyra mismunandi menningarsvæðum og spegla margbreytileikann í íslensku samfélagi. Fulltrúarnir eru: Juan Camilo Roman Estrada frá Kólumbíu, Harald Schaller frá Þýskalandi, Candace Alison Loque frá Filippseyjum, Aleksandra Chlipala frá Póllandi, Jessica Abby VanderVeen frá Bandaríkjunum, Josephine Wanjiru frá Kenya og Natalia Boyko frá Rússlandi.

Framtíðarsýn fjölmeningarráðs

Fjölmeningarráði Reykjavíkur er ætlað að vera rödd innflytjenda í Reykjavík. Með starfsemi ráðsins er leitast við að þróa vel upplýst og friðsæl samskipti á milli menningarheims Íslendinga og innflytjenda. Ráðið leggur áherslu á gagnkvæma þekkingarmiðlun þvert á menningarleg landamæri. Ráðið telur menningu vera óháða þjóðerni og að hún feli í sér viðtæka reynslu og bakgrunn á öllum sviðum. Auk þess nær skilgreining ráðsins á hugtakinu innflytjandi yfir þá sem dvelja til skamms tíma á Íslandi.

Markmið fjölmeningarráðs:

1. Að miðla upplýsingum milli opinberra stofnana og samfélaga innflytjenda til þess að bæta samskiptin.

Mannréttindi eldri borgara

Í desember 2012 stóð mannréttindaráð fyrir opnum fundi í lðnó undir yfirskriftinni Sjálfstæði og val eldra fólks. Fundurinn var vel sóttur og margar góðar hugmyndir komu fram. Í kjölfar fundarins tók ráðið ákvörðun um að setja á fót starfshóp sem ætlað er að kanna stöðu mannréttinda hjá eldri borgurum svo tryggja megi að þjónusta við þennan hóp sé í samræmi við mannréttindastefnu borgarinnar. Hópnun er ekki ætlað að fjalla um einstök úrræði heldur um siðferðislegan ramma og hugmyndafræði þjónustunnar sem tengjast mannréttindum eldri borgara. Starfshópin skipa þau Anna Kristinsdóttir, Margrét



Kristín Blöndal, Guðrún Ögmundsdóttir, Þorleifur Gunnlaugsson, Ingibjörg Óðinsdóttir og er Jóna Vigdís Kristinsdóttir starfsmaður hópsins.

Hópurinn hefur kallað til fundar við sig hagsmunaaðila sem vinna að málefnum eldri borgara og farið í vettvangsheimsóknir á hjúkrunarheimilin Mörk, Droplaugastaði, Kumbaravog og fangelsið Litla Hraun þar sem Margrét Frimannsdóttir forstöðumaður fór yfir stöðu eldri fanga. Starfshópurinn mun skila af sér lokaskýrslu á næstu vikum og verður hún aðgengileg á vefnum.

2. Að berjast fyrir réttindum og hagsmunum fjölmeningarsamfélagsins, og varpa ljósi á kynþáttafordóma, hverskonar mismunun, og aðra fordóma sem geta hindrað gagnkvæma gleði og ánægju.

3. Að auka þekkingu og skilning á málefnum fjölmeningarsamfélagsins hvað varðar ungt fólk, aldraða, menningu, frístundir, menntun og stjórnmál.

4. Að hvetja til jákvæðrar hegðunar og árangurs meðlima innflytjendasamfélagsins sem verður öðrum hvatning og innblástur.

5. Að auðvelda innflytjendum aðlögun og skilning á íslenskrí menningu og að auðvelda gagnkvæma aðlögun þeirra og íslensks samfélags.

Fjölmeningarráð er á Facebook og hægt er að senda ráðinu tölvupóst á netfangið fjolmenningrrad@reykjavik.is.

Vefsíða ráðsins er www.reykjavik.is/fjolmenningarrad.

Breyting á skipan fulltrúa í mannréttindaráði

Á fundi mannréttindaráðs þann 12. nóvember síðastliðinn var tilkynnt um breytingu á skipan fulltrúa í ráðinu. Magnús Sigurbjörnsson tekur sæti Magnúsar Þórs Gylfasonar. Mannréttindaráð er skipað sjö fulltrúum kjörnum af borgarstjórn og jafnmörgum til vara. Ráðið heldur fundi annan og fjórða þriðjudag hvers mánaðar í Ráðhúsi Reykjavíkur. Í ráðinu sitja: Margrét K.

Sverrisdóttir, formaður, Margrét Kristín Blöndal, SJÓN, Bjarni Jónsson, Marta Guðjónsdóttir, Magnús Sigurbjörnsson og Elín Oddný Sigurðardóttir. Fulltrúar til vara eru: Jörundur Ragnarsson, Heiða Kristín Helgadóttir, Eva Baldursdóttir, Ingibjörg Stefánsdóttir, Sveinn H. Skúlason, Ingibjörg Óðinsdóttir og Snæros Sindradóttir.



Frá fundi mannréttindaráðs.

HATURSUMRÆÐA Á NETINU 10. DESEMBER

Opinn fundur mannréttindaráðs
Reykjavíkurborgar 10. desember
Kl. 12.00 - 13.30 í Iðnó á alþjóðlegum
degi mannréttinda.

FYRIRLESARAR:

Guðmundur Andri Thorsson
Sólveig Karlsdóttir
Hildur Lilliendahl Viggósdóttir
Bjarni Randver Sigurvínsson

Fundarstjóri er Margrét Kristín Blöndal
varaformaður mannréttindaráðs
Reykjavíkurborgar.



ALLIR VELKOMNIR
SÚPA OG BRAUÐ Í BOÐI

Upplýsingarit um mann- réttindi utangarðsfólks

Mannréttindaráð Reykjavíkurborgar samþykkti í desember 2011 að stofna starfshóp með það markmið að skilgreina mannréttindi utangarðsfólks og fíkla í Reykjavík. Hlutverk hópsins var að gera tillögu að skýrum ákvæðum um mannréttindi þessa hóps svo tryggja megi að þjónusta við hópinn verði í samræmi við mannréttindastefnu borgarinnar.

Í hópnum sátu Anna Kristinsdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Þorleifur Gunnlaugsson, SJÓN, Ingibjörg Óðinsdóttir og starfsmaður hópsins var Jóna Vigdís Kristinsdóttir. Í framhaldi af vinnu starfshópsins



gaf mannréttindaskrifstofa út upplýsingarit, Mannréttindi utangarðsfólks - þjónusta án fordóma.

Ritið má nálgast **hér** sem pdf skjal. Einnig er hægt að panta bæklingsinn með því að senda tölvupóst á netfangið mannrettindi@reykjavik.is eða með því að hringja í síma 411 4153.

Kynbundinn launamunur

Gerð var úttekt á kynbundnum launum, meðal starfsfólks í fullu starfi, byggt á upplýsingum úr launakerfi borgarinnar. Fram kemur að konur hafa 91% af heildarlaunum karla. Óleiðréttur launamunur á heildarlaunum er 35.944 kr. á mánuði hjá öllu starfsfólki í fullu starfi. Hjá starfsfólki í fullu starfi og starfsmati er launamunurinn 54.931 kr.

Leiðréttur launamunur, þegar tekið hefur verið tillit til þátta eins og starfs, starfsaldurs og menntunar, sýnir að karlar eru með 5,8% hærri heildarlaun en konur en 3,4% hærri dagvinnulaun.

Hjá starfsfólki í fullu starfi og starfsmati eru dagvinnulaun karla 0,6%



lægri en dagvinnulaun kvenna en heildarlaun karla 3,4% hærri en heildarlaun kvenna.

Borgarstjóri lagði fram tillögur að aðgerðum í 11 liðum sem vinna eiga gegn kynbundnum launum. Tillögurnar voru samþykktar í borgarstjórn 1. október sl. af öllum borgarfulltrúum. Fyrsta tillagan lýtur að fræðsluáttaki meðal stjórnenda sem miðar að því að efla stjórnendur og tryggja þekkingu þeirra og verklag hvað varðar launasetningu. Þessi fræðsla stendur nú yfir. Aðgerðirnar og annað ítarefni um kynbundinn launamunur er að finna **hér** á innri vef borgarinnar.

Kaffihúsið GÆS

Síðastliðið sumar í Tjarnarbió var rekið kaffihúsið GÆS. Hugmyndin að kaffihúsinu varð til hjá nemendum í starfstengdu diplómanámi fyrir fólk með þroskahömlun í Háskóla Íslands. Nafn kaffihússins er dregið af einkunnarorðum hópsins

GET - ÆTLA - SKAL

Snemma í vor hófu aðstandendur kaffihússins GÆS undirbúning og í maí var haldin bollasöfnun í Ráðhúsinu þar sem fleiri hundruð bollar söfnuðust. Þau sem störfuðu á GÆS í sumar voru þau Gísli Björnsson, Lára Steinarsdóttir,

María Þ. Hreiðarsdóttir, Steinunn Ása Þorvaldsdóttir og Unnur Jónsdóttir. Leiðbeinandi verkefnisins var Ágústa Björnsdóttir verkefnisstjóri diplómanámsins. Mannréttindaskrifstofa og skrifstofa borgarstjóra og borgarritara studdu við verkefnið sem byggir á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og á félagslegum skilningi á fötlun. Þann þriðja desember sl. hlaut GÆS hvatningarverðlaun ÖBÍ og múrbrjót Þroskahjálpar 2013. Mannréttindaskrifstofan óskar GÆS innilega til hamingju með verðlaunin.

